

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

1. fundur, miðvikudaginn 12. september 2007, klukkan 13.00
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, Hjörleifur B. Kvaran, Unnur Brá Konráðsdóttir og Þorkell Helgason.

Gestur á fundinum: Sveinbjörn Björnsson, formaður fráfarandi verkefnisstjórnar.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Ingibjörg Halldórsdóttir og Hreinn Hrafnkelsson.

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Stefán Arnórsson, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir boðuðu forföll.

Blaðamannafundur iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra

Á undan fundi verkefnisstjórnar boðuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra til blaðamannafundar til að kynna verkefnisstjórnina og verkefni hennar. Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnisstjórnar, og Sveinbjörn Björnsson, formaður fráfarandi verkefnisstjórnar, tóku einnig þátt í blaðamannafundinum.

Fundur verkefnisstjórnar

1. Farið yfir erindisbréf og skipan verkefnisstjórnar.

Formaður fór yfir erindisbréf og skipan verkefnisstjórnarinnar.

2. Afhending gagna.

Eftirfarandi skýrslum var dreift til fundarmanna:

- *Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.* Gefin út af verkefnisstjórn rammaáætlunar í nóvember 2003
- *Undirbúningur að 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.* Framvinduskýrsla. Gefin út af verkefnisstjórn rammaáætlunar í maí 2007.
- *Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls.* Gefin út af auðlindanefnd iðnaðarráðherra í október 2006.

Fundarmenn nefndu að gagnlegt gæti verið fyrir verkefnisstjórnina að kynna sér eftirfarandi gögn:

- Rammaáætlun Norðmanna um vatnasvið. Frásögn af kynnisferð Þorkels Helgasonar o.fl. til Noregs árið 1998.
- Lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.

[Þessi gögn hafa öll verið send með tölvupósti til verkefnisstjórnarinnar.]

3. Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar kynntar og það sem þegar er unnið af 2. áfanga.

Sveinbjörn Björnsson, formaður fráfarandi verkefnisstjórnar, fór yfir þá vinnu sem er að baki í 1. og 2. áfanga rammaáætlunarinnar.

4. Vinnan framundan rædd og skipulögð.

Fundarmenn ræddu um vinnuna framundan, m.a. út frá skipunarbréfi verkefnisstjórnar. Í því sambandi var m.a. rætt um að skoða þyrfti hvort þörf væri á því að semja um frekari rannsóknir og var Freysteini falið að móta frekar hugmyndir sem hann setti fram og senda formanni. Einnig

var rætt um skipan faghópa og verkefni þeirra, sem og að æskilegt væri að ákveða sem fyrst hvernig best væri að haga kynningarmálum.

Ákveðið var að undirbúa vettvangsferð fyrir verkefnisstjórnina á jarðhitasvæði á suðvesturhorninu. Stefnt er að því að ferðin verði farin sem fyrst.

Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðilar eru að vinna rannsóknir fyrir rammaáætlunina á grundvelli samninga við fráfarandi verkefnisstjórn. Ákveðið var að kalla eftir upplýsingum um framvindu rannsókna og tímaáætlunum frá þessum aðilum.

Ákveðið var að stefna að því að verkefnisstjórn myndi funda mánaðarlega á föstum tíma og var lagt til að sá fundartími yrði þriðja föstudag í hverjum mánuði, kl. 9.00-11.00. Formleg ákvörðun um fundartíma verður þó ekki tekin fyrr en búið er kanna hvort sá tími henti þeim fjórum meðlimum verkefnisstjórnar sem ekki voru mættir á þennan fund.

Ákveðið var að bíða með allar aðrar ákvarðanir varðandi vinnuna framundan til næsta fundar þegar fleiri nefndarmenn væru mættir.

5. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði í Þjóðmenningarhúsi, föstudaginn 19. október, kl. 9.00-11.00.

Fundi slitið klukkan 16.00.